

## Fundur Samfélagsnefndar og sveitarstjórnar Fljótaldshrepps (aðal-og varamanna)

Mætt: Arna Björg, Þórhallur, Signý, Lárus, Eiríkur, Anna Jóna, Jóhann, Gunnþórunn, Gunnar, Anna Bryndís, Hörður og Bjarki. Sigurborg var í netsambandi fyrri hluta fundar.

Dagskrá : Samantekt af Samfélagsþingi og næstu skref.

Í byrjun fundar lýstu fundarmenn skoðun sinni á samfélagsþinginu og hvernig til hefði tekist og var samdóma álit að í flestu hefði það heppnast vel , góð þátttaka og margar áhugaverðar hugmyndir komið þar fram.

Sigurborg fór yfir samantekt af þinginu sem hún hefur tekið saman og er lítillega endurbætt eftir fund Samfélagsnefndar 28. maí. Samantektin er 32 blaðsíður og samanstendur af 17 köflum. Upplifun Sigurborgar af þinginu er góð og taldi hún að þar hafi komið fram að þeir sem þangað mættu (um 50 manns) létu sig mál heimabyggðar varða og tilbúnir að taka frekari þátt. Minnti á að nýta skjal þar sem þátttakendur samfélagsþings skráðu sig á varðandi þátttöku einstakra málefna og ríkidæmi Fljótalds fælist ekki einvörðungu í digrum sjóðum, þar væri auðugt mannlíf, öflugar stofnanir/fyrirtæki og náttúruauðindir.

Eftir umræður um samantektina , var rætt um næstu skref og lagði Sigurborg fram drög að úrvinnsluskjali sem hægt væri að nota til að vinna drög að verkefnaáætlun og kom með hugmyndir um framgang verkefnisins.

Að því loknu þakkaði Sigurborg fyrir samstarfið og henni voru þökkuð góð störf og örugg handleiðsla.  
*vék Sigurborg svo af fundi kl 10:58*

Tekið stutt kaffihlé en að því búnu sest niður við að ákveða næstu skref.

Lengd samfélagsverkefnis: Fundarmenn eru sammála um að verkefnið standi til ársloka 2022. Í byrjun hvers árs sem verkefnið lifir, verði haldin samfélagsþing þar sem fjallað verði m.a. um verkefni og framgang þeirra og íbúar komi að ákvörðun um framhald samfélagsverkefnisins á þingi 2022. Samfélagsnefndin starfi áfram óbreytt út sama tímabil, þ.e ef ekki verða einhverjar breytingar hjá einstökum nefndarmönnum þannig að þeir þurfi að láta af nefndarstörfum , þá taki varamenn við. Sveitarstjórn sjái um að framlengja skipunartíma nefndarmanna.

Næstu skref verði gerð verkefnisáætlunar og skýrð verði verkaskipting og ábyrgð samfélagsnefndar og sveitarstjórnar varðandi samfélagsverkefnið (Arna , Signý og Gunnþórunn taki samtal um það).

Fundarmenn eru sammála um að ráða skuli verkefnisstjóra, en skoða þarf starfshlutfall og möguleika á ráðningu í samstarfi við aðra stofnun/fyrirtæki, ef ekki er talin þörf á verkefnisstjóra í fullt starf. Stefnt verði að því að verkefnisstjóri komi til starfa í haust , en ekki síðar en um næstu áramót.

Rætt um að æskilegt væri að tryggja verkefnisstjóra faglegt bakland t.d. með samstarfi við Byggðastofnun og Austurbrú og nýta þá fagþekkingu sem er til staðar í stofnunum í Fljótald.

Samfélagsnefndin mun vinna verkefnaáætlun og gera grófa kostnaðargreiningu . Nefndin getur kallað eftir utankomandi aðstoð við þessi verkefni sé þess þörf . Nefndin mun einnig leggja upp

grunn fyrir ráðningu verkefnisstjóra og upplýsir eftir þörfum sveitarstjórn varðandi fjármögnunarpörf verkefnisins.

Í umræðu um fjármögnun verkefnisins frá sveitarfélaginu, kom fram mikilvægi þess að hún verði tryggð og fjármunir eyrnamerkir verkefninu. Tryggja verði nægt fjármagn til reksturs og verkefnisstyrkja.

Í næstu viku verður samantektinni fylgt eftir með fréttatilkynningu, hún sett inn á heimasíðu Fljótsdalshrepps og send þeim sem skráðu sig á póstlista verkefnisins.

Fundi slitið kl. 12:20

Gunnþórunn ritaði fundargerð